



Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 SELFOSS

Garðabær, 10.4.2025
Málsnúmer: 202502-0065
BK

Efni: Stóra Hraun – Tillaga að nýju deiliskipulagi.

Vísað er í tölvubréf frá Sveitarfélaginu Árborg sem barst 27. febrúar 2025. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir öryggisfangelsi á Stóra Hrauni nærri Eyrarbakka.

Stóra Hraun er um 250 ha að stærð og er áætlað að nýta hluta landsins undir nýtt fangelsi eða um 114 ha.

Náttúrufræðistofnun veitti þann 20. desember 2024 umsögn um [tillögu að deiliskipulagi](#) vegna sömu framkvæmda. Þar kom fram að framkvæmdasvæðið er fremur lítt raskað land sem einkennist af vot- og deiglendi. Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir innan svæðisins á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Þá fellur hluti votlendisins einnig undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Þrátt fyrir að ætla megi að þéttleiki fugla sé almennt lægri næst Eyrarbakkavegi og Gaulverjabæjarvegi, má út frá vistgerðum reikna með háum þéttleika þegar fjær dregur vegunum og ekki er ólíklegt að fjöldi innan framkvæmdasvæðisins hlaupi á hundruðum fugla.¹

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Suðurlandið er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast.² Talningar í landshlutanum benda til þess að ör fækkun sé að eiga sér stað hjá

¹ Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.

² Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.



vaðfuglum og er líklegt að aukin umsvif mannsins eigi þar hlut að máli.³ Fækkunar hefur einnig orðið vart í öðrum landshlutum og við næstu uppfærslu válista fugla mun tegundum vaðfugla í hættuflokkum fjölga (Náttúrufræðistofnun, í vinnslu).

Afar brýnt er því að leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á búsvæði vaðfugla. Fyrir umrætt framkvæmdasvæði mætti t.d. gera það með því að draga úr flatarmáli þess svæðis utan fangelsisveggjanna sem fyrirhugað er að umbreyta með ýmiskonar landmótun en líklegt má teljast að þær breytingar muni leiða til umtalsverðrar fækkunar vaðfugla innan svæðisins.

Framkvæmdinni mun óhjákvæmilega fylgja umtalsvert rask á verðmætum vistgerðum og tap og uppskipting (e. fragmentation) á búsvæðum fugla. Með framkvæmdum sem breyta jarðvatnsstöðu eða losa um jarðveg mýra mun kolefni losna út í andrúmsloftið með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Á tímum loftslagsbreytinga ætti skipulag að taka ríkt tillit til votlendis. Mikilvægt er því að leitast við á lágmarka rask á votlendi innan svæðisins og vill Náttúrufræðistofnun hvetja sveitarfélagið til þess að kanna möguleika á endurheimt votlendis annars staðar til að vega upp á móti því raski sem framkvæmdin mun hafa í för með sér.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

³ Pálsdóttir, A. E., Þórisson, B., & Gunnarsson, T. G. (2025). Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, 1-13.